Hörður Zophaníasson, um myndun meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:

Eðlilegasta niðurstaðan að þeir sem hlutu traustsyfirlýsingu myndi meirihluta

— en engar viðræður hafa farið fram

„Mér vitanlega hafa ekki varið fram viðræður um meirihlutamyndun", sagði Hörður Zóphaníasson bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins í Hafnarfirði. „Árni Grétar nefndi þann möguleika í Morgunblaðinu 30. maí að það verði óbreytt meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokksins og óháðra, en ekki er vitað hvort þetta er raunveruleikinn eða óskhyggja".



Í gærkvöld var boðaður fundur hjá fulltrúaráði Alþýðuflokksins í Hafnarfirði, en auk þeirra voru á fundinum allir sem skipuðu listann við bæjarstjórnarkosningarnar, og þar voru þessi mál rædd.

„Maður hefur heyrt þá skoðun að eðlilegasta niðurstaðan af kosningaúrslitunum og í samræmi við lýðræðislegar venjur að þeir sem fengju traustsyfirlýsingu frá kjósendum eigi að reyna að mynda meirihluta þ.e.a.s. Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið, og flokkur óháðra kjósenda". „Alþýðuflokkurinn mun hvort sem hann verður í meirihluta eða minnihluta láta málefnin ráða og vinna í samræmi við þá stefnu sem fram kom hjá honum í kosningabaráttunni".

gbk.

Stefán Jóhann Stefánsson um úrslit sveitarstjórnarkosninganna:

„Nýr dagur að renna upp fyrir verkalýðshreyfinguna"



„Ég er mjög ánægður með úrslit kosninganna. Alþýðuflokkurinn hefur bætt stórlega við sig sem og Alþýðubandalagið og er því eðlilegt að þeir, ásamt Framsókn myndi meirihluta, sagði Stefán Jóhann Stefánsson fyrrverandi forsætisráðherra, þegar blaðið hafði tal af honum í gær.

„Ég tel, að nú sé að renna upp nýr dagur fyrir verkalýðshreyfinguna svo og Alþýðuflokkinn sem hefur ávallt beitt sér fyrir því á Alþingi, að sett yrðu lög um bætt kjör til handa verkafólki. Vigi Sjálfstæðisflokksins er fallið hér í Reykjavík, og því fagnar fjöldi fólks. Til þessa hefur borgin verið óvinur verkalýðshreyfingarinnar í stað þess að vera henni til aðstoðar og styrktar. Ég lít á þessar kosningar sem mikinn sigur fyrir verkalýðshreyfinguna og vona, að í komandi þingkosningum verði sigurinn enn stærri. Ég held, að þetta hljóti að vera skynsamlega ályktað en ekki óskhyggja miðað við aðstæður, því sjaldan hefur maður heyrt jafn illa talað um nokkra ríkisstjórn.

gbk.

Stúdentaráð krefst þess að:

Menntamálaráðherra ógildi skipan fulltrúa sinna í stjórn Lánasjóðs

Stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur með bréfi dagsettu þann 25. maí beint þeirri áskorun til menntamálaráðherra, að hann ógildi skipan núverandi fulltrúa menntamálaráðuneytisins í stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

Þessari áskorun fylgja þeir eftir með röksemdafærslu, þar sem þess er meðal annars getið, að samkvæmt dómi, sem féll í máli sem ungur námsmaður höfðaði gegn Lánasjóðnum, séu ýmis veigamikil atriði núverandi úthlutunarreglna um námslán í andstöðu við gildandi lög og reglugerðir um þessi efni. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu dómsins hafi fulltrúar menntamálaráðuneytisins lagt fram tillögur við hina árlegu endurskoðun á úthlutunarreglum, sem nú stendur yfir og megi af þessum tillögum marka að þeir ætli sér ekki að taka hið minnsta tillit til niðurstöðu dómsins. Af þessari ástæðu telur stjórn Stúdentaráðs þá vanhæfa til áframhaldandi setu í stjórn LÍN og skorar á menntamálaráðherra að skipa nýja í þeirra stað.

Í tilefni Listahátíðar:

Bók um Erró

Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingum gefst kostur á að sjá verk Errós, hann lifir út í hinum stóra heimi, langt frá föðurlandinu. Í tilefni sýningar hans á Kjarvalsstöðum nú á Listahátíð, gefur AB út bók um Erró í samvinnu við Iceland Review. Gefst nú mönnum sem geta ekki einu sinni látið sig dreyma um að eignast verk eftir meistarann, kostur á að eignast bók með 59 litprentunum af verkum hans, fyrir 5,940 kr.

Íslenzka upplagið af bókinni er 4500 eintök, þau eru ekki enn komin til landsins en eru þó uppseld. Er það algjört met í sögu AB að bók seljist upp á svo skömmum tíma. Iceland Review er með enska upplagið á sínum snærum og mun gera ráðstafanir til að koma því á markaði erlendis.



Á blaðamannafundi sem haldinn var í gær til þess að kynna bókina lýsti Erró því yfir að hann væri mjög ánægður með hana, sérstaklega þótti honum uppsetningin góð en það er Edda Sigurðardóttir á Auglýsingastofunni h.f., sem á heiðurinn að henni. Sagði Erró að þetta væri ein stærsta bók sem gefin hefur verið út um hann í lit.

Inngangsorð að bókinni skrifar Bragi Ásgeirsson, en Matthías Johannessen skrifar einnig um listamanninn og list hans.

EI

Afköst Alusuisse-verksmiðjanna

Eigendur álverksmiðjunnar í Straumsvík, Alusuisse, héldu hluthafafund um miðjan apríl síðastliðinn. Þar flutti Emanuel R. Meyer, stjórnarformaður, skýrslu um afkomu félagsins. Hagnaður varð verulegur á síðasta ári og bjart virðist framundan um sölu á hrááli.

Meyer gat þess sérstaklega, að verksmiðjur félagsins á Norðurlöndum, þ.e. í Noregi og á Íslandi, hefðu gengið áfallalaust. Afköst verksmiðjunnar í Noregi, miðað við afkastagetu, hefðu verið 90% og á Íslandi 97%. Hagnaður hefði orðið af rekstri beggja verksmiðjanna.

Meyer tók fram, að nú væri nauðsynlegt að fjárfesta í báðum verksmiðjum til að koma í veg fyrir umhverfismengun.

Sameiginlegir framboðsfundir í Vesturlandskjördæmi

Flokkar þeir sem bjóða fram í þingkosningunum í Vesturlandskjördæmi munu eins og venjulega standa fyrir sameiginlegum framboðsfundum fyrir kosningarnar. Á fundum þessum koma fram frambjóðendur allra flokkanna. Ætlunin er að fundirnir verði 8 talsins og þar koma fram fulltrúar allra flokkanna. Fyrsti fundurinn að þessu sinni verður í Búðardal, miðvikudaginn 7. júní.

Síðan verður röð fundanna sem hér segir:

8. júní í Stykkishólmi
9. júní í Grundarfirði
10. júní á Hellissandi
15. júní í félagsheimilinu Breiðabliki á Snæfellsnesi
19. júní að Logalandi í Borgarfirði
20. júní í Borgarnesi
22. júní á Akranesi.

Ætlunin er að útvarpa frá fundunum í Búðardal, Hellissandi, Borgarnesi og á Akranesi.

Ræðuumferðir verða 3, 20, 15 og 10 mínútna langar. Fundirnir hefjast allir kl. 21.00 nema fundurinn á Hellissandi laugardaginn 10. júní, en hann hefst kl. 14.00.

Trúnaðarfólk og væntanlegt starfsfólk í komandi alþingiskosningum

A-listinn

Trúnaðarfólk og annað væntanlegt starfsfólk A-listans í komandi Alþingiskosningum er boðað til fundar í Kristalssal Hótels Loftleiða fimmtudaginn 8. júní klukkan 20:30.
Kosningastarfið undirbúið.
Fjallað um skipulag kosninganna.

Kosningastjórn A-listans í Reykjavík.